



Þriðjudagur, 21. desember, 2011

Ákvörðun nr. 40/2011

Beiðni Auðkennis ehf. um framlengingu undanþágu sem veitt var á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 vegna samstarfs banka og sparisjóða um öryggisbúnað í bankaþjónustu.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Samkeppniseftirlitinu barst erindi Auðkennis ehf., áður hf., (hér eftir Auðkenni), dags. 16. september 2011, þar sem óskað var eftir því að undanþága, sem Samkeppniseftirlitið veitti á grundvelli ákvæðis 15. gr. samkeppnislaga með ákvörðun nr. 1/2009, dags. 12. janúar 2009, vegna samstarfs banka og sparisjóða vegna kaupa, uppsetningar og reksturs á svokölluðum Todos-öryggisbúnaði í netbankaþjónustu yrði framlengd til 31. desember 2013.

Með ákvörðun nr. 1/2009 var eldri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins frá 18. desember 2006 nr. 50/2006 framlengd til 31. desember 2011. Var sú framlenging studd þeim rökum að unnið væri að varanlegri lausn þeirra öryggismála sem ofangreindum Todos-öryggisbúnaði er ætlað að vernda. Sú lausn miðaði að innleiðingu rafrænna skilríkja í samstarfi við fjármálaráðuneytið. Fram kom að til stæði að hefja dreifingu rafrænna skilríkja til almennings snemma árs 2009 en ljóst væri að innleiðing þeirra myndi ekki ná fram að ganga fyrr en seinna vegna þess að endurnýjunarhraði debetkorta væri um þrjú ár. Í ljósi þess efnahagsástands sem þá ríkti var talið ólíklegt að bankar og sparisjóðir myndu endurnýja debetkort viðskiptavina sinna hraðar eins og vonir hefðu staðið til.

Í bréfi Auðkennis, dags. 16. september sl., segir að innleiðing rafrænna skilríkja hafi hafist á vormánuðum 2011, eins og til hafi staðið, en í afar takmörkuðum mæli. Innleiðingin hafi gengið hægt og það hafi tekið viðskiptabankana langan tíma að hefja dreifingu örgjörvakorta til viðskiptavina. Enn þyki ólíklegt að bankar og sparisjóðir komi til með að endurnýja debetkort viðskiptavina sinna hraðar eins og vonir hefðu staðið til. Ráðist það m.a. af miklum umskiptum sem átt hafi sér stað á starfsemi banka og sparisjóða á undanförunum misserum sem m.a. hafa gjörbreytt eignarhaldi á þeim aðilum sem standi að þessari samvinnu og þar með yfirráðum yfir þeim. Í ljósi þessa og að því merktu að það taki þrjú ár að skipta út öllum debetkortum á markaðnum þyki fullreynt að ekki muni takast á næstu mánuðum að ljúka framangreindri innleiðingu svo unnt sé að lágmarka notkun auðkennislykla í skiptum fyrir rafræn skilríki innan þeirra tímamarka sem tilgreind séu í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2009. Todos-öryggisbúnaðurinn hafi skilað markverðum árangri í auknu öryggi netbankanotenda og árangursríkum



tilraunum til misnotkunar á aðgangsorðum hafi fækkað til muna. Afar brýnt sé að viðhalda því háa öryggisstigi sem náðst hafi með búnaðinum allt þar til innleiðing varanlegrar öryggislausnar ljúki.

II.

Niðurstaða

Með bréfi dagsettu í mars árið 2006 gerði Auðkenni Samkeppniseftirlitinu grein fyrir fyrirhuguðu samstarfi banka og sparisjóða vegna kaupa, uppsetningar og rekstrar á svonefndum Todos-öryggisbúnaði.

Í ákvörðun nr. 50/2006 komst Samkeppniseftirlitið að þeirri niðurstöðu að umrætt samstarf banka og sparisjóða færi í bága við ákvæði 10. gr. samkeppnislaga. Með heimild í ákvæði 15. gr. laganna var samstarfinu veitt undanþága frá ákvæði 10. gr. þar sem umræddur öryggisbúnaður var m.a. talinn til þess fallinn að bæta þjónustu banka og sparisjóða og efla efnahagslegar framfarir. Kveðið var á um að undanþágan gilti til 31. desember 2008. Voru forsendur ákvörðunarinnar staðfestar með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2009 og ákvörðunin framlengd til ársloka 2011.

Í erindi Auðkennis frá 16. september sl. eru færð fram rök fyrir því að nauðsynlegt sé að framlengja umrædda undanþágu til ársins 2013. Samkeppniseftirlitið hefur lagt mat á fram komin sjónarmið og telur í ljósi aðstæðna unnt að fallast á þá beiðni.

Ákvörðunarorð:

„Með heimild í ákvæði 15. gr. samkeppnislaga og með vísan til ákvörðunar nr. 1/2009 og forsendna ákvörðunar þessarar, framlengir Samkeppniseftirlitið undanþágu samkvæmt ákvæði 10. gr. samkeppnislaga vegna samstarfs banka og sparisjóða um rekstur á Todos-öryggisbúnaði vegna netbankaviðskipta, til 31. desember 2013.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson